

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/1183****2023/EES/30/11****frá 8. júlí 2022****um breytingu á II. og IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 að því er varðar
tilkynningu og skýrslugjöf í Sambandinu um greiningu á tilteknum skráðum sjúkdómum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ⁽¹⁾, einkum 23. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2002 ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur að því er varðar tilkynningu og skýrslugjöf í Sambandinu um greiningu á skráðum sjúkdómum. Í 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/2002 er einkum kveðið á um að tilkynningar í Sambandinu skuli innihalda upplýsingarnar sem eru tilgreindar í II. viðauka við hana en í 5. gr. hennar er kveðið á um að tilkynningar- og skýrslugjafarsvæðin, sem aðildarríkin komu á fót í samræmi við 21. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, séu tilgreind í IV. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð.
- 2) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 ⁽³⁾ eru skráðir sjúkdómar skilgreindir sem sjúkdómar í A- til E-flokki og þar er kveðið á um að reglur um forvarnir og varnir gegn skráðum sjúkdómum, sem um getur í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, eigi að gilda um flokka skráðra sjúkdóma fyrir þær skráðu dýrategundir og hópa skráðra dýrategunda sem um getur í töflunni í viðaukanum við þá reglugerð. Breytingarnar sem gerðar eru á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 með þessari reglugerð ættu að veita frekari upplýsingar að því er varðar reglurnar sem varða sjúkdóma í A-flokki með tilliti til tilkynningar um staðsetningu uppkomu og dagsetningu hreinsunar og sótthreinsunar; slíkar viðbótarkröfur um tilkynningu eru réttlætunarlegar fyrir sjúkdóma í A-flokki vegna áhættunnar sem þeir hafa í för með sér fyrir heilbrigði dýra í Sambandinu.
- 3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/687 ⁽⁴⁾ bætir við reglugerð (ESB) 2016/429 að því er varðar reglurnar um varnir gegn sjúkdómum í A-, B- og C-flokki. Þar eð mikilvægt er að veita ítarlegri upplýsingar um ráðstafanir um sjúkdómavarnir og rammaupplýsingar í tengslum við uppkomu sjúkdóma í A-flokki ætti að breyta II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 þannig að hann innihaldi upplýsingar um hvort uppkoman hafi átt sér stað á svæði þar sem takmarkanir giltu þegar í kjölfar þess að takmörkunarsvæði hafi verið fastsett, eins og kveðið er á um í 64., 70., 71., 257., 258. eða 259. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, þar eð þetta hefur áhrif á áhættuna sem fylgir slíkum uppkomum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 184, 11.7.2022, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2023 frá 17. mars 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2002 frá 7. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar tilkynningu og skýrslugjöf í Sambandinu um skráða sjúkdóma, um snið og málsmeðferðarreglur varðandi framlagningu og skýrslugjöf um áætlanir Sambandsins um eftirlit með sjúkdómum og um útrýmingaráætlanir og um umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu og um tölvuædda upplýsingakerfið (Stjttíð. ESB L 412, 8.12.2020, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 frá 3. desember 2018 um beitingu tiltekinna reglna um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum fyrir flokka skráðra sjúkdóma og um að koma á skrá yfir dýrategundir og hópa dýrategunda sem skapa töluverða áhættu á útbreiðslu þessara skráðu sjúkdóma (Stjttíð. ESB L 308, 4.12.2018, bls. 21).

(4) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/687 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um forvarnir og varnir gegn tilteknum skráðum sjúkdómum (Stjttíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 64).

- 4) Ráðstafanirnar sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/687 fela í sér að koma á fót takmörkunarsvæðum í kjölfar uppkomu sjúkdóms í A-flokki sem og bráðabirgðahreinsun og sóttthreinsun. Upplýsingar um slíkar ráðstafanir ætti að leggja fram með skýrari hætti innan ramma tilkynningar í Sambandinu sem krafist er í 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/2002.
- 5) Í IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 er ekki að finna færslu fyrir Bretland að því er varðar Norður-Írland. Af þessum sökum ætti að skrá Breska konungsríkið (Norður-Írland) í IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 þar sem við á fyrir Norður-Írland.
- 6) Því ætti að breyta II. og IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júlí 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. og IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 8. liðar kemur eftirfarandi:

„8. Svæði og landfræðileg staðsetning uppkomu. Að því er varðar alla sjúkdóma í A-flokki, eins og skilgreint er í 1. lið 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1882, skal tilgreina hvort uppkoman hafi komið upp á stað sem þegar sætir takmörkunum í kjölfar þess að takmörkunarsvæði voru fastsett fyrir sama sjúkdóm í A-flokki í samræmi við 64., 70., 71., 257., 258. eða 259. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.“

b) Í stað 15. liðar kemur eftirfarandi:

„15. Dagsetning þegar bráðabirgðahreinsun og sóttbreinsun lýkur eftir uppkomu sjúkdóms í A-flokki hjá dýrum í haldi eins og skilgreint er í 1. lið 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1882.“

2) Í IV. viðauka er töflunni breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi fyrirsögn með tengdri neðanmálsgrein:

„Aðildarríki (*)	Tilkynningar- og skýrslugjafarsvæði
------------------	-------------------------------------

(*) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til aðildarríkja, að því er þessa reglugerð varðar, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.“

b) Eftirfarandi færslu er bætt við:

„Breska konungsríkið (Norður-Írland)	Divisional Veterinary Office“
--------------------------------------	-------------------------------